

## Öryggisblað (MSDs)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

### 1. Heiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

<b>Vöruheiti:</b>	<b>ARMOR ALL Tire Foam Dekkjakvoða 500ml</b>
<b>Vörunúmer:</b>	<b>521 AA47670EN</b>
<b>Notkunarsvið:</b>	Hreinsikvoða fyrir hjólbarða
<b>Framleiðandi:</b>	<b>Armored Auto Ltd. Gwent NP23 5SD Bretland</b>
<b>Söluaðili:</b>	<b>N1</b> Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
<b>Sími:</b>	440 1000
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.  
Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

### 2. Hættugreining

**Flokkun vörunnar:** Afar eldfimt. Skaðlegt vatnalífverum, getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni. Gufa getur valdið höfuðverk, þreytu, svima og ógleði. Getur ert augu.

**Varnaðarmerki:** **F+** **Afar eldfimt**



Afar eldfimt

**Hættusetningar:** H12 Afar eldfimt  
H52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

**Varnaðarsetningar:** V2 Geymist þar sem börn ná ekki til  
V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar  
V23 Varist innöndun gufu/úða  
V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað

**Annað:** Úðabrúsi, haldið fjarri hita- og neistagjöfum og hitastigi yfir 50°C. Innihald er afar eldfimt og sprengifimar blöndur gufu og lofts geta myndast við herbergishita. Gatið ekki brúsa jafnvel þótt hann teljist tæmdur. Úðið ekki á opinn eld eða heita fleti.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

**Flokkun skv. EB 1999/45 (DPD):**

	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Raðnúmer.	H-setningar	Hættuflokkun
1,1,1,2,5,5,5,-Heptametyl-3-(própýl(póly(eo)metýl)trísiloxan.	-	27306-78-1	<1		H51/53	N
Bis(1,2,2,6,6,-Pentametyl-4-piperidyl)sebasat	255-437-1	41556-26-7	<1		H43, H50/53	N
Dímetyléter	204-065-8	115-10-6	1-5		H12	F+
Eimi úr hrábensini - meðallöng	265-044-7	64741-44-2	<1		H51/53, H65, H66	N, Xn
Etoxylerað alkóhól		68002-97-1	<1		H41, H50	N, Xi
Morfólín	203-815-1	110-91-8	<1		H10, H20/21/22, H34	C, Xn
Natríumnítrít	231-555-9	7632-00-00	<1		H8, H25, H50	O, T

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Skyndihjálp

<b>Almennt:</b>	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
<b>Innöndun:</b>	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum, Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Inntaka:</b>	Skolið munn. Framkallið EKKI uppköst. Leitið læknis.
<b>Snerting við húð:</b>	Hreinsið húð vandlega með mildri sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið ekki leysa eða þynna. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Snerting við augu:</b>	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótt.
<b>Helstu einkenni:</b>	
<b>Innöndun:</b>	Gufa getur valdið höfuðverk, þreytu, svima og ógleði.
<b>Inntaka:</b>	Getur valdið óþægindum við inntöku.
<b>Snerting við húð:</b>	Langvinn snerting getur valdið ertingu.
<b>Snerting við augu:</b>	Getur ert augu.

## 5. Bruni - slökkviaðgerðir

<b>Slökkvibúnaður:</b>	Nota má öll algeng slökkviefni, veljið í samræmi við umfang eldsvoða.
<b>Almenn viðbrögð:</b>	Úðabrúsar geta sprungið við upphitun. Fjarlægið umbúðir frá brunasvæði, sé það unnt án áhættu. Kælið umbúðir með vatnsúða. Gætið að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
<b>Hættuleg myndefni:</b>	Getur myndað eittraðar gufur við bruna (kolefnisoxíð)
<b>Sérstakur hlífðarbúnaður:</b>	Nauðsynlegt getur reynst að nota sjálfstæðan öndunarbúnað og hlífðarfatnað.

## 6. Efnaleki

<b>Öryggisráðstafanir:</b>	Fjarlægið alla eld- og neistagjafa, Reykið ekki. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar, sjá 8.lið.
<b>Ráðstafanir v. umhverfis:</b>	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
<b>Hreinsunaraðferðir:</b>	Notið ísogsefni, svo sem jarðveg, sand, kísilgúr, sag eða sambærileg efni, þegar drifgas hefur gufað upp. Setjið í þar til gerð vel merkt ílát og fargið sbr. 13.lið.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

<b>Meðhöndlun:</b>	Fylgið notkunarleiðbeiningum. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Gætið hreinlætis. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa, Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
<b>Geymsla:</b>	Geymið við herbergishita í vel merktum og luktum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað.

## 8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

### Viðmiðunarmörk váhrifa:

<b>Efni:</b>	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Athugasemd
--------------	------------	--------------------------	--------------------	----------------------------------	------------

Dímetýleter	400	766	500	958	Hámarksstyrkur á vinnustað (WEL)
Morfólín	20	72	30	100	Hámarksstyrkur á vinnustað (WEL)

<b>Persónuhlífar:</b>	Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.
<b>Hendur:</b>	Notið viðeigandi, efnapolna hlífðarhanska við langvarandi notkun. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.
<b>Augu:</b>	Notið viðurkennd hlífðargleraugu með hliðarvörn, sé hætta á slettum eða úða.
<b>Almennt:</b>	Notið hlífðarfatnað við vinnu með vöruna og gætið þess að hann hæfi aðstæðum. Reykið ekki.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi (úðabrusi, aerosol)
Litur:	Hvítleitur
pH:	8,5-10,0
Eðlismassi (20°C):	1,01 g/cm <sup>3</sup>

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	Stöðugt við venjulega notkun og aðstæður.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Við bruna geta myndast kolmónoxíð og koldíoxíð.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Innöndun:	Gufa getur valdið höfuðverk, þreytu, svima og ógleði.
Snerting við húð:	Langvinn snerting getur valdið ertingu.
Snerting við augu:	Berist úði eða gufa í augu getur það valdið ertingu og sársauka.




## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif:	Skaðlegt vatnalífverum, getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni.
Niðurbrot:	Yfirborðsvirku efnin í vörunni standast kröfur um niðurbrot skv. reglugerð EB um hreinsiefni nr. 648/2004. Rannsóknaniðurstöður sem styðja þessa fullyrðingu liggja fyrir og eru aðgengilegar viðkomandi yfirvöldum EB ríkja eða framleiðendum hreinsiefna, sé þess óskað.

## 13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

## 14. Flutningar

ADR		Varúðarmerking	Sjávar- mengandi?
UN Númer	1950		
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS		
Hættuflokkur:	2.1		
Pökkunarflokkur:	-		
Hættuundirflokkur:	5F		
IATA:			
UN Númer	1950		
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS		
Hættuflokkur:	2.1		
Pökkunarflokkur:	-		
IMDG:			
UN Númer	1950		
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS		
Hættuflokkur:	2.1		
Pökkunarflokkur:	-		
EMS:	F-D, S-U		Nei

## 15. Lög og reglugerðir

EB reglugerðir:	Varan samrýmist EB 1272/2008, og tilskipunum 67/548 EB og 1999/45 EB, svo og EB 1907/2006.
Merking hreinsiefna:	5-15% Alífatísk vetniskolefni. <5% Ójónuð yfirborðsvirk efni (pólýkarboxylót) Inniheldur: Fólmaldehýð, 2,6,-Dímetyl-1,3-díoxan-4ýl, Asetat, DMDM, Hydantoin, Joðóprópýnýl bútýlkarbamát.

## 16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H8	Eldfimt í snertingu við brennanleg efni
H10	Eldfimt
H12	Afar eldfimt
H20/21/22	Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
H25	Eitrað við inntöku
H34	Ætandi
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H50	Mjög eitrað vatnalífverum
H50/53	Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

**Útgáfa:** 1  
**Dags:** 22.05.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efnis-eiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

*Frumheimild:* **ARMORED AUTO UK Ltd:**  
**SAFETY DATA SHEET - ARMOR ALL® TIRE FOAM**

*Útgáfa:* 01.10.2010